

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er nægir til fullrar hitunar að dómi hitaveitunnar enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt. Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 100,70.

· Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð.

Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

Fyrir hvern mæli:

a. fyrir mæla 15 mm	kr. 594
b. fyrir mæla 20 mm	kr. 1 446
c. fyrir mæla 25 mm	kr. 2 893
d. fyrir mæla 32 mm	kr. 5 786
e. fyrir mæla 40 mm	kr. 11 572
f. fyrir mæla 50 mm og stærr	kr. 23 144

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar kr. 17 859
er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald	kr. 1 128
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr. 657

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. febrúar 1990, 164,9 stig og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, til að öðlast gildi 1. febrúar 1990.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 620, 20. desember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 23. janúar 1990.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir fullstaðinn, tandurverkaðan og millistaðinn þorsk svo og þorskflök og ufsaflök á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1990.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir fullstaðinn, tandurverkaðan og millistaðinn þorsk svo og þorskflök og ufsaflök á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1990.

Fullstaðinn þorskur:

		US \$ pr. lest fob.
Stórfiskur	10/30 I	4 501,00
Stórfiskur	II	4 229,00
Stórfiskur	III	3 742,00
Stórfiskur	IV	3 321,00
Millifiskur	30/40 I	4 229,00
Millifiskur	II	3 742,00
Millifiskur	III	3 192,00
Millifiskur	IV	2 715,00
Smáfiskur	40/60 I	3 742,00
Smáfiskur	II	3 284,00
Smáfiskur	III	2 897,00
Smáfiskur	IV	2 460,00
Smáfiskur	60/80 I	3 426,00
Smáfiskur	II	3 111,00
Smáfiskur	III	2 794,00
Smáfiskur	IV	2 267,00
Smáfiskur	80/100 I	2 958,00
Smáfiskur	II	2 624,00
Smáfiskur	III	2 357,00
Smáfiskur	IV	1 909,00